

# LÍFIÐ OG HEIMSSMÍÐIN

## I

Ein af þeim bókum, sem ég síst vildi hafa farið á mis við að lesa, er líffræði (Biology) Herberts Spencers. Þar er í löngu máli reynt til að segja hvað lífið sé, og hvert það stefni. Skal hér í fám orðum skýrt frá nokkrum árangri af tilraun í sömu átt. Læt ég fyrst orðin koma hér eins og ég hefi haft þau á ensku.

Life is an attempt to master and harmonize the energies of lifeless Nature. When this attempt has succeeded, the Universe will have evolved into a God, a being of an infinity of forms, each of which is infinitely perfect. The evolution of the infinite-one God, is the aim and end of the world-process. Lífið er tilraun til að ráða við og samstilla krafta hinnar líflausu náttúru, og begar sú tilraun tekst til fulls, verður alheimurinn orðinn að guði, veru sem kemur fram í óendanlega mörgum myndum og í hverri mynd óendanlega fullkominn. Tilgangurinn með heimssmíðinni er, að fram geti komið guð, sem er óendanlega margur og þó ein heild.

## II

Margt mætti rita til að sýna, hvernig fornir spekingar og trúarbragðahöfundar hafa ýmislegt sagt, sem í þessa átt stefnir, og enn fremur, hvernig ekki þarf annað en að hugsa nógu rækilega um sitthvað, sem áunnist hefir í líffræði og öðrum náttúruvísindum, til að skilja, að markmiðið, er sem nú var sagt. Hefi ég ritað um þetta efni áður, og mun meira síðar. En á því ríður oss hið mesta að vita, hvernig stefna skal, til þess að í sannleika geti orðið hér líf. Vér þurfum að geta byggt lífsskoðun vora á þekkingu, og náð þeim yfrráð-

um yfir magni því, sem lífinu veldur, að vér getum sigrað þjánинг og dauða. Því að þjánинг og dauði er ekkert annað en ósigur viðleitninnar á að ná hinni réttu átt og komast á leið hinnar guðlegu verðandi. Vér þurfum að gera oss ljóst, að saga lífsins á jörðu hér, hefir verið saga vaxandi ósiga, og enginn þáttur lífssögunnar neitt nálægt því eins herfilegur og saga mannlífsins. Jafnvel þeir, sem hafa gert það að ævistarfi sínu, að reyna til að átta sig eitthvað á tilverunni, hafa veitt þessu svo litla eftirtekt, að furðu gegnir, og þá heldur ekki skilið, að á þessu getur orðið gagngerð breyting, þannig að til sigurs verði stefnt fyrir lífið, en ekki ósigurs. Vér þurfum að átta oss betur á því, að undirstöðulögumál heimssmíðarinnar er flutningur á orku (transference of energy), og að lífið sjálft er þar engin undantekning.

### III

Í hinni fróðlegu og þakkarverðu grein dr. Bjargar Þorlaksdóttur: Helstu tilgátur um uppruna lífs á jörðu, Eimr. 1925, bls. 202—23, kemur ljóslega fram þessi vanþekking á eðli lífsins, sem nú var vikið á. Grein þessi á í því sammerkt við aðrar ritgerðir, sem ég hefi séð um uppruna lífsins, að þar er ekki getið um hina stórmerkilegu kenningu Pythagórasar höfuðspekings, þess efnis, að lífið á jörðu hér sé komið frá öðrum stjörnum: tas psykhas tón zóón apo tón astrón feresþai. Og þó er þetta með því allra merkilegasta, sem skrifð hefir verið á grísku, og stendur, sem forboði vísindalegrar þekkingar í líffræði, engan veginn að baki þessara frægu orða hins ágæta Anaximanders: ex alloeidón zóón ho anþrópos egenneþe, sem hver fróður maður veit nú að sönn eru (að mennirnir eigi kyn sitt að rekja til dýra). Mér gæti legið við að halda, að ég hefði orðið til að uppgötva þessa kenningu Pythagórasar, sem sagt er frá í Filosofúmena Hippolyts, VI, 25; en þó þykir mér þetta fremur ólíklegt, þegar þess er gátt, hvílíkir lærðómsmenn hafa um gríská heimspeki ritað, og vildi ég biðja þá, sem fróðir eru í heimspekisögu, að gera kunnugt, ef þeir hefðu einhversstaðar séð á þetta minnst.

Dr. Björg líkist í því öðrum höfundum íslenskum, sem ritað hafa um uppruna lífs á jörðu hér, að hún minnist ekki á, að það er til íslensk kenning um þetta efni, þar sem er um nokkurskonar framhald hinnar grísku speki að ræða. Á þýsku mætti sú kenning heita: die Theorie der bioradiativen Entstehung des Lebens auf unserer Erde. Lífið á jörðu vorri er óefað í fyrstu fram komið fyrir geislan frá lifandi verum á einhverjum öðrum hnetti eða hnöttum. Lífið er nokkurskonar hleðsla (Charge, Ladung). Vel getur það verið, að hin hugvitsamlega tilgáta Arrheniusar, um að lífsfrjó berist um geiminn fyrir ljósi, sé rétt, en hitt tel ég næsta ólíklegt, að fyrstu byrjun lífsins á jörðunni sé þangað að rekja.

Að endingu vil ég geta þess, að mig furðar á því, að eins fróð kona og dr. Björg Þorlaksdóttir er, skuli hafa sagt frá aldri jarðarinnar eins ófróðlega og gert er í áðurnefndri ritgerð. Engum jarðfræðingi kemur til hugar að ímynda sér, að jörðin sé 20 eða 40 milljóna ára gömul. Þúsundir áramilljóna nefna menn og jafnvel tugi þúsunda. En þegar um aldur sólnanna er að ræða, þá þykjast stjörnufræðingar ekki komast af með minna en billjónir ára og jafnvel tugi billjóna. Af slíku getum vér nokkuð ráðið í, hversu stórkostlegt fyrirtæki heimurinn er, og eins, hversu rangt lífið á jörðu hér hefir þurft að stefna, til þess að vera jafnvesall þáttur í slíku fyrirtæki og enn er orðið.